



Niðurstetning háhitadælu undirbúin.

Háhitadjúpdæla stórt framfaraskref í nýtingu jarðvarma

Undanfarna mánuði hefur notkun háhitadjúpdælu í hitaveituborholu verið prófuð í Hveragerði. Er það í fyrsta skipti í heiminum sem slík dæla er notuð í svo heitum jarðhitavökva en búnaðurinn hefur verið próaður og notaður í olúgeiranum. Hingað til hefur jarðhitavatni að 130°C verið dælt með hefðbundnum dælubúnaði hér á landi og erlendis þekktist að dælt sé vatni sem er allt að 160°C heitt. Með háhitadælu munu Veitur nýta búnaðinn í enn heitara vatni eða allt að 180°C. Dælan, sem er staðsett í borholu hitaveitunnar í Hveragarðinum,

hefur reynst vonum framar síðan hún var sett niður í októbermánuði. Þrýstingur hefur verið fallandi í jarðhitakerfinu í Hveragerði og hefur það reynst krefjandi verkefni að tryggja nægt heitt vatn fyrir hitaveituna. Á sama tíma er vitað að mikill hiti er í svæðinu en ekki hefur verið hægt að nýta hann þar sem hefðbundinn dælubúnaður skemmist í slíkum aðstæðum.

Tilkoma háhitadjúpdælu gerir Veitum kleift að reka borholur hitaveitu án þess að láta þær blása gufu. Það er mikill kostur þar sem tvær holur af þremur, sem eru í notkun

í Hveragerði, eru staðsettar í miðri byggð. Með nýju dælu eykst afkastageta borholunnar í Hveragarðinum og mun hún því bæta rekstraröryggi hitaveitunnar. Hún býður einnig upp á betri stýringar á magni heits vatns sem tekið er úr henni og þar með verður enn betri nýting á þeirri dýrmætu auðlind sem heita vatnið er.

Notkun háhitadjúpdælu í hitaveitu er þróunarverkefni enn sem komið er. Reynist búnaðurinn áfram vel er um að ræða mikið framfaraskref í nýtingu jarðvarma, ekki bara hér á landi heldur á heimsvísu.

Hlakka til að þjónusta Sunnlendinga eins vel og hægt er



Valur Stefánsson og Heiðbjört Haðardóttir.

Nýir eigendur tóku um áramótin við fyrirtækinu Fagform ehf. á Selfossi. Hjónin Valur Stefánsson og Heiðbjört Haðardóttir hafa keypt reksturinn. Fyrirtækið hefur verið starfrækt allt frá árinu 1994 og sérhæfir sig í skiltagerð t.d. vegskiltum, ljósaskiltum og merkingum. Þá er að finna ýmsar filmulausnir hjá fyrirtækinu t.d. gluggamerkingar, sandblástursfilmur og bílamerkingar.

Þau hjónin eru nú í óða önn að kynna sér reksturinn, en Valur er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Áður vann Valur sem rekstrarstjóri hjá

heildversluninni Innnes. „Í byrjun hefur verið nóg fyrir okkur að komast inn í reksturinn, kynnast viðskiptavinunum og starfsfólkinu sem fylgdi með rekstrinum sem er flott fagfólk hvert á sínu sviði sem verður tilhlökkun að kynnast betur og vinna með,“ segir Valur. Valur segist spenntur fyrir því að kynnast Sunnlendingum betur og þjónusta þá eins vel og hægt er. „Við erum með 25% afslátt í febrúar af sandblástursfilmum. Áhugasamir geta sent okkur tölvupóst á fagform@fagform.is eða hringt til okkar,“ segir Valur að lokum.

-gpp

Samkeppni um nafn á hringtorg

Á fundi eigna- og veitufundar Árborgar þann 14. janúar sl. var ákveðið að efna til nafnasamkeppni vegna nýs hringtorgs á gatnamótum Suðrhóla/Eyrbakkavegar og Hagalæks á Selfossi. Nafnasamkeppnin er öllum opin og íbúar eru hvattir til að taka þátt í samkeppninni. Frestur til að skila inn tillögum að nafni á nýju hringtorgi er til og með föstudeginum 19. febrúar nk.



Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Árborgar. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir þá tillögu sem fyrir valinu verður.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

20 ára
2000-2020



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Forseti Íslands afhendir Menntaverðlaun Suðurlands 2020



Menntaverðlaun Suðurlands 2020, sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veita, voru afhent í þrettánda sinn fimmtudaginn 14. janúar sl. á árlegum hátíðarfundinum Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands. Athöfnin fór fram í fjarfundi og var send út frá Fjölheimum á Selfossi.

Snjólaug Elín Árnadóttir og Unnur Líf Ingadóttir kennarar við Grunnskóla Vestmannaeyja hlutu verðlaunin fyrir frumkvöðlastarfsemi á menntasviði með verkefninu „Út fyrir bókina“. Í rökstuðningi þeirra sem stóðu að tilnefningunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Út fyrir bókina“ er heimasíða og Fésbókarsíða þar sem þær deila kennsluefni fyrir yngstu bekkinn grunnskóla sem

þær hafa útbúið til að gæða kennsluna lífi, vekja áhuga og koma kennslunni út fyrir bókina. Verkefnin eru hönnuð þannig að þau nálgist áhugasvið barna m.a. í gegnum leik og eru öllum aðgengileg án endurgjalds.

Frumkvöðlastarf og nýsköpun af þessu tagi tengir skólastarfið við samfélagið sem er mikilvægt, ekki síst á tímum eins og í dag þegar nemendur dvelja meira heima við þar sem foreldrar og forráðamenn taka aukinn þátt í námi þeirra.

Það var formaður SASS, Ásgerður Kristín Gylfadóttir sem tilkynnti niðurstöður valnefndar. Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson afhenti svo verðlaunin yfir netið til Snjólaugar Elínar og Unnar Lífur.

Tökum á móti 468 flóttamönnum

Flóttamannavandi heimsins hefur ekki horfið og milljónir eru á flóttu undan stríði, ofsókn og loftslagshamförum. Nýjar fréttir hrannast inn þar sem sagt er frá skelfilegum aðstæðum fólks í flóttamannabúðum. Covid-19 tröllríður þar þeirri litlu heilbrigðisþjónustu sem var vart til staðar. Þegar flóttamannavandinn í Sýrlandi var sem verstur tóku Svíþjóð og Þýskaland þá aðdáunarverðu ákvörðun að taka á móti fordæmalausum fjölda flóttamanna. Á sama tíma hefur Ísland tekið við allt of fáum flóttamönnum. Miklu færri en Svíþjóð miðað við höfðatölu. Miklu færri en Noregur miðað við höfðatölu. Þetta er vandræðalegt.

Ísland ætti að taka á móti 5.500 flóttamönnum eins fljótt og unnt er og þar af ætti Suðurland að taka á móti 468 flóttamönnum. Þetta væri samþætting við móttöku Svíþjóðar á undanförunum árum og því vel hægt.

Þrátt fyrir að eyða tiltölulega lágu fjárhæðum til málefna flóttamanna og hælisleitenda er Ísland að uppskera aukna verga landsframleiðslu, en hún er að öllum líkindum til kominn vegna aukinnar eftirspurnar á vörum og þjónustu. Greining á vinnumarkaði sýnir fram á að aukning á störfum hér á landi er mun meiri en aukning á vinnuafli til lengri tíma og nauðsynlegt

að flytja inn erlent vinnuafli til að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Flóttafólk tekur við störfum sem heimamenn fúlga við, auka lýðfræðilegan fjölbreytileika samfélagsins og aðstoða við að borga skuldir landsins. Að hjálpa flóttafólki í leit að öruggara og betra lífi er ekki bara góðgerðastarf hjá ríkinu heldur einnig ávinningur fyrir markaðinn og atvinnulífið. Flóttafólk hefur þjáðst nóg og móttökulönd ættu ekki að setja þeim stólinn fyrir dyrnar þegar það hefur nýtt líf. Það er hagur allra að nýta orku þeirra og hæfileika til hins ýrasta.

Flóttamenn taka ekki störf af heimamönnum heldur þvert á móti skapa störf fyrir þá.

Samkvæmt skýrslu frá OECD eru innflytjendur líklegri en heimamenn til að stofna fyrirtæki. Sem dæmi þá var Steve Jobs, einn stofnenda Apple, sonur sýrlensks flóttamanns. Apple er nú með 90.000 manns í vinnu.

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, og þar af sérstaklega Sveitarfélagið Árborg, að verða við þessum kröfum og jafnvel gera gott betur.

Fyrir hönd Ungmennaráðs Árborgar,
Egill Hermannsson nemi.

Sveitarfélag	Mannfjöldi	Flóttamenn sem ætti að taka við
Sveitarfélagið Árborg	10220	153
Vestmannaeyjabær	4380	66
Hveragerðisbær	2710	41
Sveitarfélagið Hornafjörður	2430	36
Sveitarfélagið Ölfus	2300	34
Rangárþing eystra	1970	30
Rangárþing ytra	1710	26
Bláskógabyggð	1180	18
Hrunamannahreppur	820	12
Mýrdalshreppur	760	11
Flóahreppur	690	10
Skaftárhreppur	650	10
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	600	9
Grímsnes- og Grafingshreppur	520	8
Ásahreppur	270	4
Samtals	31210	468

Tafla: Dreifing flóttamanna á sunnlensk sveitarfélög.

Ráðstafanir gerðar vegna myglu í leikskólanum Leikholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Mygla greindist skömmu fyrir jólin í húsnæði leikskólans Leikholti í Brautarholti. Í bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir:

„Mygla greindist á tveimur stöðum sem voru prófaðir. Þessir staðir eru í eldra eldhúsi og matsal og í þakefnum í miðrymi. Víðar fundust gró í húsinu. Strax var hafist handa við lagfæringar. Starfsemi leikskólans lá niðri vegna þessa milli jóla og nýárs. Á þeim tíma var unnið við að laga drenlög og fleira, en vatn utan frá er talinn aðal orsakavaldur raka í veggjum og af því hljótast gjarnan mygluskilyrði. Strax eftir áramót hófst vinna við að lagfæra þakið á millibygggingu. Átta starfmenn hafa tilkynnt um veikindaeinkenni sem einkennast af óþægindum í öndunarferum. Ekki er ósennilegt að það megi rekja þau einkenni til myglunnar. Það var metið svo að ekki kæmi annað til greina við þessar aðstæður en flytja starfsemi leikskólans úr húsinu. Þeir staðir sem komu til greina voru félagsheimilið Árnes og að hluta til Þjórsárskóli og



Mygla greindist í Leikholti.

Bókasafnið í Brautarholti með félagsheimilinu og skólanum. Auk þess var skoðaður sá möguleiki að taka Hótel Heklu á leigu. Hrunamannahreppur bauðst til að taka við hluta af grunnskólanemendum eða jafnvel allan grunnskólann. Þá hefði Þjórsárskóli losnað undir leikskólaborn. Enn einn kosturinn var að flytja starfsemina í færanlega gáma ásamt því að vera í bókasafnhúsinu. Þessir kostir voru kynntir á skólanefndarfundinum 7. janúar sl. Þá sýðir um kvöldið bauðst sveitarfélaginu sá möguleiki að flytja starfsemi leikskólans að Blesastöðum í húsnæði fyrrum dvalarheimilis.

Föstudaginn 8. janúar fóru oddviti, sveitarstjóri, leikskólastjóri og staðgengill leikskólastjóra til fundar við forráðafólk húsnæðisins að Blesastöðum. Samkomulag náðist þann sama dag um afnot af húsnæðinu undir leikskólann. Flutningar í leikskólann fóru að mestu fram dagana 10. og 11. janúar og hófst starfsemi þar 12. janúar. Ekki er ljóst hversu langan tíma tekur að lagfæra húsnæði leikskólans, en ekki er ólíklegt að verið sé að tala um þrjá til fjóra mánuði. Kostnaður við þetta verkefni verður í öllu falli mikill. Ekki er útlit fyrir að tryggingar eða aðrir sjóðir muni hlaupa þar undir bagga.“

-gpp

Tækifærið er núna!



Ódýrasta sumarhúsið komið til landsins og tilbúið til afhendingar í bæ hamingunnar, Þorlákshöfn! STRAX!

50 fermetrar, 2 baðherbergi, 2 svefnherbergi, falleg

gólfefni, fullbúið eldhús, led-lýsing, bluetooth hátalarar, wifi, rafmagnsofna, skápar í öllum herbergjum. PVC gluggar, tvöfalt gler, járn á þaki, sjónvarp, kaffivél, brauðrist, örbylgjuofn, rafmagnsarinn, gardínur, þakrennur og niðurföll.

100 mm einangrun í gólfi, veggjum og þaki. Viðarklætt 2 ára ábyrgð á tækjum. 10 ára ábyrgð á stáli og grind og þaki. Til afhendingar strax. Verðið eru litlar 8.890.000 með vsk. Sendum frítt í 200 km radíus frá bæ hamingunnar.

LITLAR HAGKVÆMAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU Í HJARTA SELFOSS

Verð frá
17.900.000

Eyravegur 26



**Nú geta allir keypt íbúð, jafnvel unglingarnir
– fyrsta greiðsla frá 790.000 kr.
Létt og sveigjanleg greiðslubyrði**

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja eignast sitt eigið húsnaði, án of mikillar fyrirhafnar, á mjög góðum stað rétt við nýja miðbæinn á Selfossi. Frábær fjárfesting í ört vaxandi bæ.

Bíll er óþarfur, allt í 5-10 mínútna göngufæri: Skólar, leikskóli, verslunarmiðstöðvar og strætó til Reykjavíkur eða Hornafjarðar.



Opið hús
fimmtudaginn
21. janúar
kl. 17:30-18



Um er að ræða mjög vel skipulagðar 35-45 fm stúdíó-íbúðir og 45 fm 2ja herbergja íbúðir, flestar með sérinn-gangi. Henta frábærlega sem fyrstu kaup eða fyrir þá sem vilja njóta lífsins og ekki setja of mikið í húsnaði. Sjón er sögu ríkari. Húsgögn geta fylgt svo þá er ekkert annað að gera en að ganga inn og byrja að búa.

Íbúðirnar eru lausar strax!

Nánari upplýsingar veita:

Árni Hilmar Birgisson, aðstoðarmaður fasteignasala í síma 856 2300, arni@log.is
Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali í síma 845 9900, halli@log.is
Sigurður Sigurðsson, löggiltur fasteignasali í síma 690 6166, sigurdur@log.is
Steindór Guðmundsson, löggiltur fasteignasali í síma 862 1996, steindor@log.is


LÖGMENN
S U Ð U R L A N D I

Laxabakki - kjarni málsins og deilur

Í nýlegri grein Hannesar Lárussonar sem birtist í Dagskránni á Suðurlandi 5. janúar sl, eru bornar þungar sakir á samtökin Landvernd, Héraðsnefnd Árnesinga og lifandi sem látna nafngreinda Íslendinga. Það hefur ekki talist stórmannlegt að bera opinberlega sakir á og svarta minningu genginna Íslendinga. Það fólk sem látið er og nefnt er á nafn getur ekki tekið til varna. Rétt er þá að hafa í huga að niðurstaða Hæstaréttar árið 1982 um eignarhald á landi Alviðru og Öndverðarness II undir Ingólfsfjalli við Sogið, féll á þann veg að núverandi eigendur eru óumdeilanlega Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands.

Jarðirnar sem um ræðir eru opnar almenningi, gönguleiðir merktar og viðhaldið og eru jarðirnar mikið notaðar til útivistar. Um langt árabil hefur verið rekið þar fræðslusetur um umhverfi og náttúru og á tímabili sóttu yfir 2.000 gestir staðinn heim árlega í nafni þeirrar starfsemi. Í fjármálakreppunni veiktist fjárhagur starfseminnar svo um nokkurt skeið hefur hún legið niðri. Eins og Hannes bendir réttilega á varð þetta ástand til þess að ýmis útbótaverkefni söfnuðust upp. Að þeim er nú unnið með skipulögðum hætti. Um 5 m.kr. var varið til úrbóta á síðasta ári. Á liðnu ári var fræðslustarfið endurvakið en að takmörkuðu leyti, m.a. vegna sóttvarnaaðgerða. Væntingar standa til þess að starfsemin verði öflugri á þessu ári sem nú er að hefjast, frekari úrbætur verði gerðar á húskosti og landi, skógrækt eflað, votlendi endurheimt svo staðurinn nái hægt og bitandi aftur fyrri reisu og verði eigendum sínum til sóma. Gerðir hafa ver-



ið samningar bæði við Kolvið um skógrækt og Landgræðsluna um endurheimt votlendis og nýir öflugir aðilar koma að því að nýta veiðiheimildir í Soginu.

Undanfarin misseri hafa staðið deilur um lóð sem á stendur gamall sumarbústaður við Sogið sem kominn er að hrúni. Bústaðurinn hefur bæði menningarsögulegt og fagurfræðilegt gildi. Því var það ánægjulegt að hann var friðlýstur á sl. ári. Bústaðurinn hefur verið í einkaeign, en landið er eign almennings, íbúa Árnessýslu og félaga í Landvernd. Félagið Íslenski bærinn ehf. telst eigandi bústaðarins sjálfs, þ.e. húsakostsins eins. Íslenski bærinn hefur einnig talið sig eiganda landsins undir og umhverfis bústaðinn. Fyrir því liggja þó engar framkomnar heimildir eða yfirlýsingar. Það er mjög miður fyrir alla aðila og hefur sett góð áform Íslenska bæjarins ehf. um endurbyggingu Laxabakka í uppnám.

Hvorki gjafabréfið, sem fylgdi þegar Landvernd og Árnesingar tóku á móti þeirri miklu gjöf sem Alviðra og Öndverðarness II er, né almenn lög

og reglur heimila Landvernd og Héraðsnefnd Árnesinga að gefa út afsal til Íslenska bæjarins ehf. fyrir umrædda landspildu. Hins vegar hefur Íslenska bænum ehf. verið boðinn leigusamningur til 50 ára, með hóflegri landleigu með möguleika á framlengingu, en jafnframt með því skilyrði að ákvæðum gjafabréfs landsins yrði fylgt. Því tilboði hefur Íslenski bærinn hafnað. Að svo komnu máli telja þeir sem fara með umboð landeigenda því miður heppilegast fyrir alla aðila að ljúka málinu fyrir dómsstólum. Í kjölfar dómsúrskurðar verður vonandi hægt að ganga til samninga svo óumdeildum menningarverðmætum verði bjargað. Þangað til er affarasælast að málsaðilar sýni hófstillingu og dreifi ekki rógi, hálf-sannleika og illmælum um Íslendinga sem hafa kvatt eða aðra þá sem að málinu koma. Sjálfur óska ég Íslenska bænum heilla í sínu mikilvæga starfi og vona að þetta fari allt vel að lokum.

Tryggvi Felixson,
formaður Landverndar og
stjórnar Alviðrustofnunar.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Finnbogi Ómarsson.**

Mér er það sönn ánægja að vera valinn matgæðingur vikunnar. Ég vil þakka stórvini mínum Ársæli Hauksyni sérstaklega fyrir áskorunina.

Ég get nú kannski ekki sagt að ég sé mikill matgæðingur þótt að vissulega þyki mér gott að borða góðan mat. Ég vil deila með ykkur uppskrift af lasagna sem ég fékk að láni frá móður minni en hef fengið að njóta oft í gegnum ævina.

Lasagna

Ofnhiti 180 °C

Í sósuna (bolognaise)

700 g nautahakk

1 laukur

3-5 hvítlaugsgeirar

salt og pipar

3-5 tsk. tómaturpurre

Jamie Oliver pastasósa

2 krukkur

Heitt pitsukrydd, pottagaldrar

oregano-krydd

basiliku-krydd

chili ferskt

fyrir sterkara bragð.

Byrja á því að steikja hakkið og láta renna allan vökva af því. Setja smátt skorinn lauk og hvítlauk saman við og steikja saman, salt og pipar. Tómat-



purre hrært út í og pastasósunni. Kryddið eftir smekk. Látið malla á lágum hita með loki yfir á meðan ostasósan er búin til.

Ostasósa

50 g smjör

50 g hveiti

mjólk

3-4 tsk. Dijon-sinnep

3-4 tsk. múska

200-300 g rifinn ostur

Bráðið smjör og hveiti hrært saman og mjólk sett út í og hrært vel þar til sósan er hætt að vera þykk. Sinnep og múska sett út í og smakkað til. Rifinn ostur settur úti. Taka pottinn af hellunni þegar ostur er bráðinn. Best er að nota ferskar lasagnaplötur. Bakað í ofni í 40 mín. eða þar til gullinbrún.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ég skora á vin minn Róbert Veigar Ketel í Lækjarbakka sem næsta matgæðing. Hann lumar á geggjúðum uppskriftum sem ég vona að hann deili með okkur.

VISS opnar starfsstöð á Hvolsvelli

Undanfarna mánuði hefur staðið yfir undirbúningsvinna við opnun VISS starfshæfingarstöðvar á Hvolsvelli. Starfsstöðin mun opna nú á allra næstu dögum í gamla matsalnum á Kirkjuhvoli sem hefur fengið verulega andlitslyftingu. Forstöðumaður og leiðbeinandi hafa verið ráðin, þau Gunnsteinn Sigurðsson og Arnheiður Dögg Einarsdóttir og eru bæði tekin til starfa. Umsóknir um störf á hæfingarstöðinni fara fram á vef Vinnumálastofnunar og mun það verða auglýst nú á næstu dögum. Um er að ræða mjög mikið framfaraskref í sveitarfélaginu á þessu sviði og mun vinnustaðurinn vonandi vaxa og dafna á næstu árum.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,

gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,

sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum

miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,

Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan

Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að

samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Brætt er í mig við húsasmiði.
Hikað er oft um stund hjá mér.
Misjafnt er ég á landsins lýði.
Lítill hópur og stór ég er.

Svar við gátu í blaði 2580: KRINGLA.

1. lína: Heimskringla - 2. lína: Banakringla
3. lína: Brauðkringla - 4. lína: Skopparakringla

Minningarpeningur um upphaf Vesturheimsferða afhentur forseta Íslands

Almar Grímsson, lyfjafræðingur og fyrrv. forseti Þjóðræknifélags Íslands, og Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, afhentu forseta Íslands, herra Guðna Th. Jóhannessyni, þriðjudaginn 12. janúar 2021 góðar kveðjur og minningarpening fyrir hönd afkomenda íslenskra landnema á Washingtoneyju í Wisconsin.

Tilefni þessarar gjafar var að 1870, fyrir 150 árum, fóru fjórir ungir menn frá Eyrarbakka til Vesturheims og settust að á eyjunni. Heimsókn fulltrúa frá eyjunni sem fyrirhuguð var í júní sl. var aflýst vegna Covid-19 og einnig heimsókn hóps frá Íslandi og þangað vestur.





G-vítamín

Geðræktardagatal á þorra

Ræktum og verndum geðheilsu okkar

Sæktu þitt G-vítamín á gvitamin.is

Nýir skammtar daglega

Ókeypis og án aukaverkana

gvitamin.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

Hreins Gunnarssonar, Þórarinsstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Fossheima Selfossi fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

F.h. aðstandenda, Steinunn Þorsteinsdóttir.



+

Kærar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

J. Sævars Guðmundssonar, Ástjörn 2C, Selfossi.

Sérstakar þakkir færur við læknum, hjúkrunarfólki og starfsfólki öllu á lyflækninga- og göngudeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi.

Þóra Björg Ögmundsdóttir
Valgerður Sævarsdóttir Halldór Páll Halldórsson
V. Helga Valgeirsdóttir Brynjar Hallmannsson
barnabörn og fjölskyldur þeirra



Ljóð vaxa og magnast eftir því sem þau eru oftast lesin

-segir lestrarhesturinn Pétur Önnundur Andrússon

Pétur Önnundur Andrússon er kennari að mennt. Lauk námi frá KÍ árið 1972, tók þar stúdentspróf 1973 og lærði síðan skólasafnsfræði við Háskóla Íslands. Pétur ólst upp í Vogahverfinu í Reykjavík og bjó víða um borgina þar til hann flutti árið 1985 ásamt fjölskyldu sinni í Reykholt í Borgarfirði þar sem hann bjó og starfaði í tuttugu og eitt ár. Síðastliðin fimmtán ár hefur hann búið á Selfossi í sambúð með Katrínu Tryggvadóttur íslenskukennara við FSu. Pétur er ljóðskáld og frá hans hendi hafa komið út átta ljóðabækur frá árinu 1976.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa *Hunda-gerðið* eftir Sofi Oksanen. Kom í bóka-klúbbsendingu og auðvelt að grípa hana og lesa. Fjallar um eggjagjafir, fósturvísa, spillingu, græðgi og valda-baráttu í kjölfar falls Sovétríkjanna. Sagan gerist í Úkraínu, Eystrasaltslöndum og Finnlandi og er eftir athyglisverðan finnskan höfund. Jafnframt þessum lestri hefur gamall höfundur úr bernsku, uppáhaldshöfundur hjá mömmu og pabba, Davíð Stefánsson frá Fagra-skógi verið frekur til rúmsins síðustu vikurnar. Ánægjuleg skyldulesning vegna ljóðaklúbbs sem ég er meðlimur í. Davíð Stefánsson er með afbrigðum orðhagur og gefandi höfundur.

En hverskonar bækur höfðu helst til þín?

Ljóðabækur nýrómantíkera og bækur uppreisnarmannanna í ljóðagerð atómskáldanna eru í mestu uppáhaldi hjá mér. Ég hef einnig áhuga á sögulegum skáldsögum, spennusögum og ævisögum skálda og stjórnmálamanna. Mjög ánægjulegt að lesa frásagnir þar sem söguviðið er kunnuglegt og rifjar upp atburði og staði úr fortíðinni.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Ég ólst upp við lestur og að hlusta á sögur og ljóð í útvarpi og hjá foreldrum mínum. Í elstu minningum mínum um bækur var það pabbi sem las fyrir mig og mömmu eftir að við vorum

kominn uppí og jólanóttin leið við lestur hans og mislanga dúra hjá mér á milli. Hann las skáldverk eftir Guðrúnu frá Lundi þá nótt. Heyri enn þýða röddina sem varð örlítið râm þegar leið á lesturinn. Man einnig eftir stundum þegar ég og nokkrir vinir mínir sátum í kós og pabbi las fyrir okkur. *David Krokett, Tarsan, Grímur grallari, Beverly Grey, Kapítóla, Valdimar munkur, Strákur í stríði, Ævintýrabækurnar, Jón miðskipsmaður, Ívar hlújárn, Ben Húr og Hrói höttur* voru samferða mér á æskuárum. Í skóla voru skriftartímarnar með þeim leiðinlegri þar til ég fékk kennara sem las fyrir okkur á meðan við drögum til stafs. Sólheimasafnið var musteri ævintýranna.

Einhver saga þér hjartfólgarni en önnur?

Erfitt er að nefna bók sem er mér hjartfólgarni en aðrar. Get þó nefnt eina frá unglingsárunum. *Íslandsklukkan* eftir Halldór Kiljan Laxness er mér ógleymanleg. Hún var opinberun þegar ég las hana 16 ára gamall. Ég hefði sennilega átt að láta nægja að lesa hana einu sinni. En hughrifinn á unglinginn voru slík að ég freistaðist til að lesa hana aftur mörgum árum síðar og þá varð ég að sjálfsgöðu ekki fyrir eins miklum áhrifum. Góð skáldsaga á sinn tíma og stað. Ljóðin eru frábrugðin skáldsögum að því leyti að þau vaxa og magnast eftir því sem ég les þau oftast.

Eitthvað sérstakt sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Ljóðabækur les ég frá upphafi til enda í hljóði og síðan upphátt allflest ljóðin. Síðan nýt ég þess að lesa einstök ljóð og marglesa þau. Ég les eftir því hvernig næði er til lesturs. Finnst best að einbeita mér að hverri skáldsögu fyrir sig en les oft í mörgum ljóðabókum á sama tíma. Kaflaskipt með sögurnar hvort að kringmarnir, ævisögurnar eða



Pétur Önnundur Andrússon.

sögulegar skáldsögur ráða ríkjum með ljóðalestrinum.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Einar Bragi (*Spuni*), Stefán Hörður Grímsson (*Náttúru-fegurð*) og Þuríður Guðmundsdóttir (*Fljótið*) eru góðir höfundar með feegurð og boðskap í ljóðum sínum. Árni Larsson (*Í minningu eldhuga*) er mér einnig kær. Og fleiri sem ég nefni ekki hér. Magnús Ásgeirsson, Jóhann Hjálmarsson, Guðbergur Bergsson og Njörður P. Njarðvík eru góðir ljóðapýðendur. Ólafur Gunnarsson, Kristmann Guðmundsson, Halldór K. Laxness og Þórbergur Þórðarson eru mínir skáldsagnahöfundar. Söguviðið og persónusköpunin hjá Ólafi, rómantíkin og söguþráðurinn hjá Kristmanni, hugmyndaauðgin og frjálslegur spuninn hjá Halldóri og málsnilldin og skringilegheitin hjá Þórbergi er það sem heillar mig.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Oftast en tölu verður á komið hefur bók rænt mig svefni eða bíað mig í svefn útkeyrðan eftir sviptingar frásagnarinnar. Það er þó orðið fátíðara með árunum. Sumar eru svo góðar að ég tími ekki að lesa þær í einum ríkk.

Nú ert þú ljóðskáld og eftir þig liggja átta bækur en gætir þú hugsað þér að skrifa sögu?

Sennilega myndi ég skrifa sögu frá kaldastríðsárunum. Söguviðið aðallega í Reykjavík og nágrenni. Byrjunin yrði skyndifundur sem boðaður var í kofanum okkar strákanna í október 1962 þegar Kúbudeilan var allt um kring. Sögulokin eiga að skilja eftir ljúfsára þrá eftir frekari kynnum við persónurnar og daglegt líf þeirra.

Sunnlendingar lesa Dagskrána!

Fáðu tilboð í auglýsingapakkan hjá okkur.

Sími 482 1944 eða
auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Grænt þýðir áfram

Þegar við hugsum um mismunandi áherslur í mál-efnum samfélagsins þá samanstendur samfélagið af fjölbreyttu fólki með mismunandi langanir, drauma og þrár með fjölmörg markmið. Það er ávallt erfitt að mæta þörfum allra þegar verið er að ráðast í kerfisbreytingar eða setja á fót úrræði til að mæta erfiðum aðstæðum líkt og hafa verið síðastliðið ár. Þetta ár hefur þó kennt okkur að það er ýmislegt hægt að gera með lítið. Ef við horfum til síðasta árs þá hefur það verið eitt það lærðómsríkasta í seinni tíð og verður skráð í sögubækurnar sem slíkt. Við hægðum á okkur, kunnum enn betur að meta samveru, líkamlega og andlega heilsu ásamt öllu því sem lífið hefur uppá að bjóða. Lífsstílkapphlaupið var sett á hilluna í nokkra mánuði og við

gerðum hlutina öðruvísi. Það má segja að ákveðin núllstilling hafi átt sér stað. Við áttuðum okkur á því að hindranirnar eru í raun ekki svo margar og möguleikarnir eru endalausir ef augun horfa í átt að sjóndeildarhringnum. Við höfum séð fjölmörg rök fyrir því að störf án staðsetningar séu illframkvæmanleg og hafa þau orðið að engu þar sem samfélagið og tæknin tók stökkbreytingum og varð raunveruleiki margra fyrirtækja. Velferðar- og heilbrigðiskerfið tók við sér og mætti með krafti þeim vanda sem kom upp og með litlum fyrirvara voru allt önnur tannhjól byrjuð að snúast. Kerfisbreytingar síðustu þriggja ára hafa verið hugrakkar og framsæknar en það er nákvæmlega það sem þarf til þess að ráðast

Hafðís Hrönn
Hafsteinsdóttir



lögfr. og gjaldkeri
Framsóknarfélags
Árborgar

í róttækar breytingar á samþættingu þjónustu í þágu barna, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði, bæta aðgengi þolenda ofbeldis að viðhlítandi aðstoð, ásamt því að búa til umhverfi þar sem tekjulágir einstaklingar geta eignast sína eigin fasteign með tilkomu hlutdeildarlána. Ekki má gleyma þeim breytingum sem gerðar voru á námslánakerfi íslenskra námsmanna með tilkomu Menntasjóðs. Þá hafa samgöngur verið bættar svo um munar og með Loftbrúnni tengjum við betur landsbyggðina við

höfuðborgina sem felur í sér miklar umbætur í samgöngum. Það er hægt að eiga langar samræður um það sem hefur verið gert á þessu kjörtímabili, enda er listinn nokkuð langur. Miklar framfarir hafa orðið í ýmsum málaflokkum og hrósa skal því sem vel er gert. Vinnan er þó aðeins að byrja og því þarf að blása til sóknar, snúa tannhjólum atvinnulífsins í gang að nýju og horfa með framsækinn hátt á verkefni sem framundan eru. Þau eru mörg, þau eru stór og þau eru umfangsmikil. Ég hef þó fulla trú á því að með framþróun, framtíðarsýn og Framsókn eru okkur allir vegir færir. Munum að umferðarljósinn segja okkur að rautt þýðir stopp, gult þýðir bið og grænt þýðir áfram veginn. Áfram með von um betri tíma, vöxt, nýtt upphaf, endurnýjun og frið.

Ályktun Félags landeigenda á Almenningum samþykkt á aðalfundi þann 7. janúar 2021. Félag landeigenda á Almenningum mótmælir harðlega fyrirhuguðum áformum umhverfisráðherra um stofnun miðhálendisþjóðgarðs á Almenningum. Landsvæðið Almennningar, sem mun falla innan skilgreinds landsvæðis þjóðgarðsins, er í afréttareign 39 jarða í Vestur-Eyjafjallahreppi hinum forna samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 14. júní 2007. Við undirbúning stofnunar þjóðgarðsins hefur ekkert samráð verið haft við afréttareigendur þó í afréttareign felist nýting hlunninda og landgæða. Afréttareigendur hafa nú sem endranær í hyggju að nýta sjálfir þau hlunnindi, sem svæðið hefur upp á að bjóða, stjórna sjálfir verndun þeirra gæða og stuðla að vexti þeirra. Afréttareigendur telja ljóst að stofnun þjóðgarðs samræmist ekki ætlunum þeirra um nýtingu og uppbyggingu svæðisins.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Tímabundin staða grunnskólakennara við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Vegna forfalla leitar Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri að kennara í tímabundna ráðningu til vors. Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er á tveimur starfsstöðvum. Á Stokkseyri eru nemendur í 1. – 6. bekk og á Eyrarbakka eru nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærsamfélag.

Menntun og færnikröfur:

- Kennsluréttindi
- Góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar
- Góð íslenskukunnátta

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launa-nefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri, sími 480 3200, netfang pall@barnaskolinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2021. Sækja þarf um stöðuna á ráðningarvef Sveitarfélagsins Árborgar.



GRÆÐIR
Fyrir íslenskan jarðveg

GRÆÐIR 2021

ÁBURÐARVERÐSKRÁ

	Tegund:	Gjaldlagi 1. mars kr./tonn án vsk.	Gjaldlagi 1. maí kr./tonn án vsk.	Greiðslu- dreifing kr./tonn án vsk.	N	P ₂ O ₅	P	K ₂ O	K	Ca	Mg	S	Se
EINGILDUR	Magni 1 N27 Ca + Mg + NÝTT	56.174	57.967	59.760	27					4,3	2,4		
	Magni 5 N27 + 45 Ca EINKORNA	58.387	60.250	62.114	27					5,4		4,5	
TVÍGILDUR	Fjölmoði 3 25-5 Ca + Se	63.402	65.426	67.449	25	5	2,2			7,1	2	0,0015	
	Fjölmoði 4 24-9 Ca + Se	63.891	65.930	67.969	24	9	4			6	2	0,0015	
ÞRÍGILDUR	Fjölgræðir 5 17-15-12 Ca	70.152	72.390	74.629	17	15	6,6	12	10	4		2	
	* Nú með enn meira Ca Fjölgræðir 6 * 20-10-10 Ca + Mg + Se EINKORNA	67.867	70.033	72.199	20	10	4,4	10	8,3	3	1,6		0,0015
	Fjölgræðir 7 22-14-9 Ca + Se	71.056	73.323	75.591	22	14	6,1	9	7,3	1,1		2	0,0015
	Fjölgræðir 9 25-9-8	68.604	70.794	72.983	25	9	3,9	8	6,4			2	
	* Nú með enn meira Ca Fjölgræðir 12 * 22-8-8 Ca + Mg + Se	67.644	69.803	71.962	22	8	3,3	8	6,2	4,2	1,1		0,0015
	* Nú með enn meira Ca + Mg Græðir 8 * 21-7-11 Ca + Mg + Se	68.473	70.659	72.844	21	7	2,9	11	9	3	1,6		0,0015
	Græðir 9 27-6-6 Se EINKORNA	66.652	68.779	70.906	27	6	2,6	6	5			2,5	0,0015
	UREA Limus® Pro N46 - 500 kg EINKORNA	76.572	79.016	81.460	46								
UREA	Limus® Pro NP38-8 - 500 kg	76.784	79.234	81.685	38	8	3,5					2	
	UREA Limus® Pro NPK28-13-10 - 500 kg	76.093	78.522	80.950	28	13	5,7	10	8,3			2	
GARÐÁBURÐUR	Græðir 1 12-15-16 Ca + Mg + 0,03% Bór	82.669	85.307	87.945	12	15	6,6	16	13,5	1	2,1	8	
KORNAÐ KALK	OMYA Kornað kalk - 600 kg EINKORNA	44.445	45.864	47.282							35		

Áburðarverðskráin sýnir verð pr. tonn (án vsk) miðað við afgreiðslu í 600 kg sekkjum (Limus® Pro 500 kg).
Ef pantað er fyrir 31. janúar 2021 og greitt fyrir 1. mars þá er 6% afsláttur. Ef greitt er fyrir 15. maí þá er 3% afsláttur.
Birt með fyrirvara um prentvillur - Verð getur breyst án fyrirvara.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Verslun Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Verslun Hvalsstöðvanna
Dufpaksbraut 1
570 9850

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Sigur í fyrsta leik ársins

HANDBOLTI Stelpurnar okkar vígðu Hleðsluhöllina með góðum sjö marka sigri um seinustu helgi eftir tæpt fjögurra mánaða hlé vegna heimsfaraldursins. Selfoss mætti þar sameinuðu liði Fjölnis og Fylkis í þriðju umferð Grill 66-deildarinnar.

Jafnt var á öllum tölum í upphafi leiks og var staðan 8-8 eftir um 15 mínútna leik. Selfyssingar áttu góðan kafla og bjuggu til þriggja marka forskot, 12-9 eftir 22 mínútna leik. Stelpurnar héldu þessum mun fram í hálfleik og var staðan þá 17-14. Selfoss byrjaði seinni hálfleik af krafti og voru komnar með sjö maraka forystu þegar fimm mínútur voru liðnar af seinni hálfleik, 22-15. Selfoss lét þetta forskot aldrei af hendi og komust mest níu mörkum yfir undir lok leiks. Frábær sigur Selfyssinga staðreynd, 30-23.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir 12, Lara Zidek 5, Agnes Sigurðardóttir 5, Elínborg



Tinna Sigurrós var markahæst með tólf mörk. Ljósmynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

Katla Þorbjörnsdóttir 4, Ivana Raickovic 2, Kristín Una Hólmarsdóttir og Sólveig Ása Brynjarsdóttir 1. Varin skot: Lena Ósk Jónsdóttir 7 (23%).

Næsti leikur hjá stelpunum er eftir slétta viku gegn Víkingum í Víkinni og verður hann væntanlega sýndur á Víkingur TV.

Nú er handboltavertíðin farin í gang á ný og nóg af leikjum fram undan. Því miður eru áhorfendur enn sem komið er ekki leyfðir á leikjum en nánari upplýsingar um leiki og útsendingar frá þeim má alltaf finna á fésbókarsíðu Selfoss handbolta.

-esó



Barbára Sól Gísladóttir í leik með Selfyssingum í Pepsi Max deildinni. Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss/GKS

Barbára á leið til Celtic á láni

KNATTSPYRNA Barbára Sól Gísladóttir, bakvörður Selfyssinga, er á leið til skoska liðsins Celtic á láni.

Óvíst er þó hvenær Barbára Sól fer út þar sem hlé er í skosku úrvalsdeildinni þessa dagana vegna kórónuveirufaraldursins. Stefnan er að hún verði á láni í Skotlandi þar til keppni í Pepsi Max-deildinni hefst í vor.

Barbára er einungis 19 ára gömul en hún lék sinn fyrsta A-landsleik á árinu þegar hún

kom inn á sem varamaður í stórsigri Íslands gegn Lettlandi á Laugardalsvelli í undankeppni EM í september. Hún hefur auk þess leikið 36 leiki með yngri landsliðum Íslands. Barbára er uppalin á Selfossi en alls á hún að baki 50 leiki í efstu deild þar sem hún hefur skorað sex mörk.

Celtic er í þriðja sæti skosku úrvalsdeildarinnar með 16 stig eftir sjö umferðir, tveimur stigum minna en topplið Rangers og Glasgow City.



Íslenska landsliðið í handbolta stendur í ströngu þessa dagana á HM í Egyptalandi. Selfyssingar eru fjölmennir í hópnum en alls eru fimm slíkir í hópnum. Liðið lagði Alsír örugglega á laugardaginn og voru strákarnir okkar, Selfyssingarnir, að vonum sigurreifir eftir leik. F.v. eru Bjarki Már Eliasson, Janus Daði Smárason, Elvar Örn Jónsson, Ómar Ingi Magnússon og Jón Birgir Guðmundsson sjúkrapjálfi liðsins. Ljósmynd af fésbókarsíðu Selfoss handbolta.

Selfoss-vörurnar fást í Stúdíó Sport

UMF. SELFLOSS Í lok seinasta árs var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur milli Ungmennafélags Selfoss og Stúdíó Sports á Selfossi. Samningurinn felur í sér að vörur Umf. Selfoss frá Jako Sport á Íslandi verða til sölu í verslun Stúdíó Sports á Selfossi.

Það er félaginu afar mikils virði að eiga góða samstarfsaðila í heimabyggð og mun samningurinn tryggja að iðkendur og forráðamenn geta nálgast Selfossvörurnar á skjóttan og góðan hátt ásamt því að efla umgjörð og gæði í kringum starf félagsins.



Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss og Linda Rós Jóhannesdóttir eigandi Stúdíó Sports gengu frá samningnum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/GJ

Æfingar í rafíþróttum á vorönn

RAFÍÞRÓTTIR Æfingar í rafíþróttum hjá Umf. Selfoss hófust að nýju mánudaginn 18. janúar.

Á vorönn verður boðið upp á æfingar í sérstökum leikjum. Vakin er athygli á að leikir geta verið svipaðir og því er hægt að æfa Counter Strike þó að aðal-leikurinn sem er spilaður sé t.d. Valorant. Er þetta gert til að auka gæðin á æfingunum en einnig svo hægt sé að æfa fyrir mót og taka þátt í bæði innan-hússmótum en einnig milli félaga.

Allar upplýsingar um æfingatíma er að finna á vefsíðu félagsins www.selfoss.net. Skráningar fara fram í gegnum skráningar- og greiðslukerfið Nóra á slóðinni selfoss.felog.is.



Í vetur verður boðið upp á styttri námskeið sem eru sett upp fyrir þá sem vilja prófa að æfa en hafa ekki fundið sinn leik. Þetta verða 2-3 vikna námskeið, líklegast á laugardögum, og verður auglýst síðar.

Ungbarnasund / Guggusund

Ný námskeið hefst 4. feb.

Í boði eru margir hópar fyrir börn frá 2 mán. til ca. 7 ára.

Sjá nánar á selfoss.net

Skráning er hafin á guggahb@simnet.is eða í síma 848 1626.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir
Íþróttakennari
Sunddeild Umf. Selfoss



Blakið fer af stað aftur hjá Hamri

BLAK Leik Hamars og Fylkis er lokið í Mizuno-deild karla en þetta var fyrsti leikur liðanna eftir langt hlé.

Í haustbyrjun unnu Hamarsmenn báða sína leiki 3-0 en Fylkir hafði fyrir leikinn einungis spilað einn leik sem tapaðist 3-1.

Hamarsmenn mættu vel stemmdir til leiks og sáust merkilega góð tilþrif miðað við takmarkaða möguleika til æfinga undanfarnar vikur.

Heimamenn unnu fyrstu hrinuna auðveldlega 25-13 en í annarri hrinu virtist sem Hamarsliðið tapaði einbeitingu og Fylkismenn fengu þó nokkuð af stigum vegna mistaka heimamanna. Fylkismenn gengu á lagið og komust m.a. yfir 16-15. Þá vöknudu Hamarsmenn til lífsins og unnu hrinuna 25-18. Þriðja og síðasta hrinan var jöfn framan af og héngu Fylkismenn



inni í leiknum fram í miðja hrinu en eftir það jókst bilið jafnt og þétt og brekka Fylkismanna orðin brött. Fór svo að Hamar vann hrinuna með 25 stigum gegn 17 og leikinn þar með 3-0.

Hamarsmenn sitja því á toppi deildarinnar ásamt HK en bæði lið hafa unnið alla þrjá leiki sína 3-0.

Stigahæstur í liði Hamars var Jakub Madej með 16 stig en í liði Fylkis var Bjarki Benediktsson stigahæstur með 11 stig.

Sýning Jakobs opin út janúar í Bókasafni Hveragerðis

Jakob Árnason er um þessar mundir að sýna 17 olíumyndir í bókasafni Hveragerðis. Myndefnið er sótt í náttúru landsins, frá þremur stöðum.

- Sólarlag við sundin blá í Reykjavík
- Hvalá og fossarnir í Ófeigsfirði á Ströndum
- Hekla séð frá nokkrum stöðum á Suðurlandi



Jakob er að mestu sjálfmenntaður í málalistinni, sem hann hefur stundað í 15 ár en síðustu

5 árin hefur hann sótt námskeið hjá Myndlistarskóla Kópavogs. Jakob er félagi í Myndlistarfélagi Árnesinga og myndlistarfélaginu Litka. Hann hefur tekið þátt í 4 samsýningum en þetta er hans 2 einkasýning.

Sýningin er opin á opnunartíma bókasafnsins og stendur út janúarmánuð.



Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu

Sameyki Stéttarfélag í almannapjónustu, óskar eftir sumarhúsum og/eða íbúðum til leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2021. Æskilegast svæðið væri húsnæði á Suður- eða Suðausturlandi, þ.e. austan Selfoss og austur fyrir Höfn í Hornafirði.

Aðrir möguleikar skoðaðir.

Einungs húsnæði í góðu ásigkomulagi og í frágengnu umhverfi kemur til greina.

Upplýsingar um staðsetningu, stærð, aldur eignar, verð, ástand, fjölda gistirýma og aðra aðstöðu s.s. heita potta skulu koma fram, ásamt myndum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Ásu á netfangið asaclausen@sameyki.is fyrir **5. febrúar nk.**

Öllum tilboðum verður svarað.

Við tökum gamla bílinn uppí á

600.000

IB ehf. Selfossi er umboðsaðili Bílabúðar Benna og er með nýja og notaða bíla til sölu. Þessa dagana eru mjög góð tilboð í gangi og við tökum gamla bílinn upp í valda notaða bíla á 600.000 kr.* Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Frekari upplýsingar hjá sölumönnum.

*Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 600 þúsund króna innborgun í nýlegan og öruggan bíl (sérmerktur á plani). Þinn gamli bíll þarf aðeins að vera með gilda skoðun og í ókufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl upp í má alltaf ræða aðra dila.

IB ehf.

Fossnesi A - 800 Selfoss
S. 480 8080 | www.ib.is
bilasala@ib.is | ib@ib.is



Námskeið í fjarkennslu

Vegna sóttvarnaraðgerða og til að stemma stigu við útbreiðslu Covid-19 verða námskeið IÐUNNAR fræðsluseturs næstu vikur eingöngu í boði í fjarkennslu. Þau verða send út í beinu streymi á þeim tíma sem gefinn er upp í námskeiðslýsingu.

Kynnið ykkur fjölbreytt úrval námskeiða á heimasíðu IÐUNNAR.



IÐAN
fræðslusetur
www.idan.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingur



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

ATVINNA

Smiður óskar eftir verkefnum
Smiður getur bætt við sig verk-
efnum. Er vandvirkur og sann-
gjarn í verði. Tek að mér parket-
lagn, innréttingar og almennt
viðhald. Hafðu samband í síma
867 4369.

Áramótapistill oddvita Hrunamannahrepps

Um áramót hefur það verið
siður hér í Hrunamanna-
hreppi að oddviti taki saman
smá pistil til upplýsinga. Hér má
lesa áramótapistil Hrunamanna-
hrepps um áramót 2020/2021.

Nú er nýtt ár gengið í garð og
árið 2021 tók á móti okkur með
logni og sól á fyrsta degi ársins.
Það verður vonandi hægt að
segja í lok árs að árið hafi mest-
megnis einkennst af logni og sól
hvort sem er í veðri eða öðrum
hlutum.

Árið 2020 er ár sem má segja
að hafi verið árið sem við þurft-
um að breyta hefðum og venj-
um, og hið venjulega norm hafi
breyst. Þó árið hafi á margan
hátt verið erfitt og krefjandi má
einnig segja að það hafi kennt
okkur ýmislegt jákvætt.

Okkur Hrunamönnum heldur
áfram að fjölga og einnig er
svo með íbúðir á svæðinu en á
síðasta ári var byggt nokkuð af
íbúðum sem nú eru fullar af lífi
eða eru að fyllast. Einnig hefur
verið nokkur sala á eldri hús-
eignum á svæðinu. Við erum
að komast í þrot með lóðafra-
mboð og því er það ánægjulegt að
nú er að fara í gang gatnagerð í
nýju íbúðasvæði í Gröf. Byrjað
verður á Reynihlíð og Birki-
hlíð í fyrsta áfanga og munum
við fara í að auglýsa lóðir nú á
næstu vikum.

Nú í desember lauk vinnu-
hópur um fýsileikakönnun á
uppbyggingu á hjúkrunarheimili
vinnu sinni. Niðurstaða hóp-
sins var að raunhæft er að hjúkrunar-
heimili verði byggt hér í upp-
sveitunum og hvatti hann til að
halda áfram að vinna að þeirri
uppbyggingu í samvinnu við þau
sveitarfélög hér í kringum okkur
sem áhuga hafa. Nú er því verið
að skipa í sameiginlegan vinnu-
hóp með Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppi
til að halda áfram með verk-
efnið sem mun vonandi leiða til
þess að í nánustu framtíð sjáum
við hjúkrunarheimili hér í upp-
sveitum Árnassýslu.

Verkefni heilsueflandi sam-
félags eru í fullum gangi og
hefur verkefnisstjóri verið dug-
legur að koma með nýjungar og
hvatningar til fólks um heilsu-
eflingu í breyttu umhverfi. Hvet

ég alla til að huga vel að heilsu-
eflingu nú sem endra nær.

Í byrjun desember samþykkti
sveitarstjórn að taka þátt í verk-
efninu, barnvænt samfélag og
tengja það jafnframt við innleið-
ingu á heimsmarkmiðunum. Inn
á heimasíðu verkefnisins er hægt
að sjá upplýsingar um verkefnið
og ég hvet alla til að skoða það
http://barnvaensveitarfelog.is.

Í lok árs var fjárhagsáætlun
fyrir 2021 samþykkt. Áætlunin
gerir ráð fyrir jákvæðri rekstari-
niðurstöðu hjá A og B hluta upp
á tæpar 10 milljónir. Nettófjár-
festingar ársins verða um 336,5
milljónir og skiptist hún í 111,5
millj. í eignasjóði, 35 millj. í
fráveitu, 76 millj. í vatnsveitu,
112 millj. í hitaveitu og 2 millj.
í Hrunaljóð.

Heilmiklar vegaframkvæmd-
ir eru fyrirhugaðar í sveitar-
félaginu á næstunni og hægt er
að gleðjast yfir því.

Verið er að vinna í að fá sam-
þykki landeigenda fyrir breyt-
ingum á Hrunavegi og Lang-
holtsvegi en nú stýttist í að þeir
verði lagfærðir og lagðir slitlagi.

Hringtorgið við búðina verður
loksins að veruleika á þessu
ári og verður verkefnið boðið út
fljótlega. Það verður heilmikil
framkvæmd og má segja að stór
hluti af framkvæmdafé okkar
þetta árið tengist hringtorginu en
í tengslum við þá framkvæmd
munum við laga veginn í átt að
sundlauginni og jafnframt svæðið
fyrir framan félagsheimilið.

Nú er verið að hanna nýja
brú yfir Störu-Laxá og stefnt er
að því að bjóða þá framkvæmd
út á árinu.

Verið er að leggja lokahönd
á lagningu ljósleiðara á Flúðum
og geta því íbúar farið að semja
við fjarskiptafélögin um teng-
ingar. Þegar tengingum á Flúð-
um er lokið er allt sveitarfélagið
orðið ljósleiðaratengt.

Skólarnir okkar hafa staðið í
ströngu þetta árið og starfað við
mjög óvenjulegar og krefjandi
aðstæður. Óhætt er að segja að
starfsmenn og nemendur hafa
staðið sig vel í þeim áskorunum
sem þetta ástand hefur lagt á
okkur.

Mig langar að þakka öllu
starfsfólkinu okkar fyrir hversu

Halldóra
Hjörleifsdóttir

Oddviti Hruna-
mannahrepps



lausnamiðað það var í þeim
verkefnum sem lágu fyrir á ár-
inu og hversu vel þau leystu þau.

Stytting vinnuvikunnar kom
til framkvæmda hjá stærstum
hluta starfsfólks sveitarfélagsins
núna 1. janúar. Það er áskorun
að þúsla saman þannig að það
henti flestum. Stytting vinnu-
vikunnar er verkefni alls sam-
félagsins, bæði atvinnurekenda
og launþega og því nauðsynlegt
að hægt sé að samræma óskir
og kröfur svo að það henti sem
flestum en ljóst er að breytingar
sem þessar koma alltaf til með
að hafa áhrif.

Okkar öfluga íþróttar-, æsku-
lýðs- og menningarstarf hefur
eins og aðrir þurft að breyta sínu
starfi eða setja í pásu. Það finna
það allir þegar ekki er lengur
hægt að stunda tómstundastarf
hvað það er ómetanlegt að hafa
það val að geta tekið þátt í svona
starfi og vonandi stýttist í þann
tíma að hægt er að koma starfinu
öllu á fullt skrið aftur.

Mörg mál hafa komið inn
á borð hjá okkur á liðnu ári og
hvet ég alla til að lesa fundar-
gerðir sveitarstjórnar, sem hægt
er að nálgast á heimasíðunni
okkar, til að fylgjast með því
sem er að gerast á borði sveitar-
stjórnar því erfitt er að koma því
öllu fyrir í einum pistli.

Að lokum við ég óska þeim,
Jóhannesi og Kristínu í Hvammi
2a sem fengu umhverfis-
verðlaun Hrunamannahrepps,
Vinnustofunni Kjallaranum sem
fengu umhverfisskrós Hruna-
mannahrepps, Þórdísi Jónu
Kristjánsdóttur sem var kosinn
íþróttamaður Hrunamanna-
hrepps, og öllum þeim sem með
atorku sinni og dugnaði náðu
langt, innilega til hamingju með
viðurkenningarnar.

Einnig vil ég enda á því að
þakka:

- Öllum þeim sem leggja sitt
af mörkum til að gera sam-
félagið okkar eins gott og það
er.
- Öllu okkar góða starfsfólki
fyrir þeirra störf, bæði þeim
sem starfa hér hjá okkur í
sveitarfélaginu og þeim sem
starfa fyrir okkur í samstarfs-
verkefnum.
- Öllu nefndarfólkinu okkar
sem situr í nefndum sveitar-
félagsins fyrir þeirra störf.
- Sveitarfélögunum hér á
svæðinu fyrir gott samstarf á
árinu.
- Og sveitarstjórn fyrir gott
starf á árinu og góða sam-
vinnu.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs
árs og vona að nýja árið verði
okkur öllum bjart og fagurt.



Nýr prentsmiðjustjóri Prentmets Odda á Selfossi

Um áramótin lét Örn Grétarsson, fyrrverandi prentsmiðjustjóri Prentmets Odda á Selfossi, af störfum eftir langan og farsælan feril.

Við starfinu tók Björgvin Rúnar Valentinusson. Björgvin er prentsmiðameistari að mennt og hefur starfað hjá Prentmeti Odda frá árinu 2011, fyrst í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík en frá árinu 2016 í útibúinu á Selfossi. Björgvin hefur sinnt ýmsum störfum innan veggja fyrirtækisins; allt frá uppsetningu, prentun og frágangi verkefna yfir í ráðleggingar fyrir viðskiptavinum fyrir tækisins frá hugmynd að fullunnu verki.

„Starfsfólkið í útibúinu á Selfossi hefur ávallt lagt sig fram um að veita viðskiptavinum okkar á Suðurlandi, góða, snögga og vandaða þjónustu og mun gera það áfram. Við förum bjartsýn inn í nýtt ár og erum tilbúin að takast á við verk-



Björgvin Rúnar Valentinusson, nýr prentsmiðjustjóri Prentmets Odda á Selfossi. Mynd: Dagskráin/GPP

efnin sem framundan eru,“ segir Björgvin.

Það eru ýmsir möguleikar sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða í prentverki og vöruúrvali. „Við búum að því að hafa yfirgripsmikla þekkingu í greininni og aðgang að öflugum

tækjabúnaði. Við erum von að vinna að ýmsum verkefnum og hvetjum viðskiptavinum, nýja sem gamla, að setja sig í samband við okkur og sjá hvort við getum ekki aðstoðað við að gera góða hugmynd að veruleika,“ segir Björgvin að lokum.

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

SMURSTÖÐ

VERKSTÆÐI

DEKKJAVERKSTÆÐI

Bíla- og Tækjapjónustan

SÍMI: 775-8638

VIÐ GURUM VIÐ ALLT

bilarogt@gmail.com

Pantið tíma í síma 775 8638Ormsvelli 7, 860 Hvolsvelli

Hef opnað nýtt verkstæði við Ormsvelli 7 tek að mér viðgerðir, smurþjónustu og dekkjaskipti

FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffar.is | Facebook: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com | Sími 848 8148

Brottför frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

FERÐIR 2021

Inghóll

2 skór - 9. janúar

Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. 9 km, 500 m hækkun.

Miðfell og Dagmálafell við Þingvallavatn

2 skór - 23. janúar

9 km, 400 m hækkun.

Reyðarbarmur á Lyngdalsheiði

2 skór - 6. febrúar

Litli Reyðarbarmur – Barmaskarð
Reyðarbarmur. 10 km, 430 m hækkun.

Strandganga, Vogar – Hvassahraun

2 skór - 20. febrúar

Um 20 km.

Helgafell – Húsfell

2 skór - 13. mars

12 km, 550 m hækkun.

Ólafsskarðsleið

2 skór - 27. mars

Gömul þjóðleið. 20 km, 290 m hækkun.

Vífilsfell frá Bjáfjallavegi

2 skór - 10. apríl

9 km, 550 m hækkun.

Síðasti vetrardagur – Ingólfsfjall

2 skór - 21. apríl

Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

Sogin á Reykjanesi

2 skór - 8. maí

Nánari upplýsingar síðar.

Brekukambur Hvalfirði

2 skór - 29. maí

13 km, 650 m hækkun

Hengill – Vörðuskeggi

3 skór - 12. júní

15 km, 1000 m hækkun

Tindur í Tindfjöllum

3 skór - 26. júní

Tindur er Fljótshlíðarmegin í klasanum.
23 km, 1300 m hækkun.

Bjölfell við Hekfurætur

3 skór - 10. júlí

Nánari upplýsingar síðar.

Laufafell og nágrenni

3 skór - 24. júlí

Laufafell er stakstætt fjall á Fjallabaksleið syðri. 15 km, 800 m hækkun.

Austan við Bláfell frá Hvítárbrú að Fremstaveri

3 skór - 7. ágúst

Gengið með gljúfrum Hvítár. Þar er fossinn Ábóti. 23 km.

Fjallabak

4 skór - 21. ágúst

Nánari upplýsingar síðar.

Dagmálafjall á Merkurheiði

3 skór - 4. september

Um 1150 m hækkun, ca. 6 tímar.

Þórsmörk

2 skór - 25. – 26. september

Helgarferð. Gengið um Þórsmörkina báða dagana.

Þríhyrningur

2 skór - 9. október

9 km, 550 m hækkun.

Tungufellsdalur Hrunamannahreppi

2 skór - 23. október

10 km, 150 m hækkun.

Skálafell í Mosfellssveit

2 skór - 6. nóvember

10 km, 550 m hækkun.

Móskarðshnjúkar

2 skór - 20. nóvember

7 km, 675 m hækkun.

Hellisskógur – jólakakó

8. desember

ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð.

Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða- og slysatryggingu.

Einstakt tækifæri í Blómabænum

Hveragerðisbær auglýsir til leigu húsnæðið að Breiðumörk 21 „Hveraportið“. Um er að ræða langtímaleigu með hefðbundnum uppsagnarfresti.

Húsnæðið er 252 m² og skiptist það í tvö góð rými með gluggum út að götu og tvö rými bakatil, gluggalaus. Húsið stendur við aðalgötu Hveragerðisbæjar með góð bílastæði og timburpall sem gefur fjölbreytt tækifæri til nýtingar. Húsnæðið leigist í því ástandi sem það er.

Horft verður til þess að starfsemi sem fyrirhuguð er í húsinu lífgi upp á bæjarbraginn og nýtist sem flestum.

Umsækjendur skili umsóknum til Hveragerðisbæjar fyrir 1. febrúar 2021 þar sem gerð skal grein fyrir eðli þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er og tilboð gert í leigu fyrir húsið. Bæjarráð mun horfa annars vegar til tilboðs í leigu og hins vegar til þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er við val á leigutaka.

Nánari upplýsingar gefur bæjarstjóri, Aldís Hafsteinsdóttir, í síma 483 4000, aldis@hveragerdi.is

Rannsóknarverkefni í Víkurskóla í Kötlu jarðvangi



Katla jarðvangur og Víkurskóli, í samstarfi við Kötlu-setur í Vík, hófu rannsóknarverkefni fyrir nemendur í Víkurskóla þann 12. janúar 2021. Verkefnið gengur út á að rannsaka strandlínu- og fjörubreytingar í Víkurfjöru á næstu árum.

Verkefnið felur í sér að nemendur í 5. - 10. bekk mæla upp 6 snið í Víkurfjöru ásamt því að mæla kornastærðirnar á sandinum þar og taka ljósmyndir af formgerðunum í fjörunni. Yngstu nemendur skólans, 1. - 4. bekkur, munu síðan stunda sjálfstæðar rannsóknir á sandinum í Víkurfjöru, dýralífinu sem þar er að finna og rannsaka rusl sem skolast þar á land.

Stefnt er að því að nemendur mæli sniðin fjörum sínum á ári, á vorin, seinni part sumars, haustin og um veturinn, til að fá sem besta mynd á það hvernig

fjaran breytist á milli árstíða. Þá er fjörukamburinn einnig mældur til að athuga hvort það mikla landbrot sem hefur átt sér stað við Vík sé enn í gangi. Með mælingu sniðanna má sjá hvort að fjaran sé að byggjast upp eða ekki, ásamt því að reikna út u.þ.b. rúmmálið sem hefur annað hvort bæst við fjöruna eða verið fjarlægt þaðan. Athuganir á kornastærðinni í fjörunni og formgerðunum munu síðan gefa hugmyndir um orkustig strandarinnar og er kjörið tækifæri til að fræða nemendur um hið sibreytilega landslag fjara og hver áhrif loftslagsbreytinga hafa á strandsvæði.

Markmiðin með rannsóknarverkefninu eru að nemendur kynnist því hvernig sé staðið að vísindalegum rannsóknum og fái að taka þátt í þeim, svo sem mælingum, söfnun upplýsinga og úrvinnslu gagna, en slík reynsla

mun vonandi nýtast þeim vel í framtíðinni. Einnig að verkefnið muni auka skilning nemenda á strandumhverfum, sérstaklega sandfjörum, og hvað það er sem veldur breytingum á þeim, svo sem landrofi og vexti. Stefnt er að því að birta niðurstöðu mælinganna einu sinni á ári og er áætlað að þær verði til sýnis í sjóminjasafninu Hafnleysu við Kötlu-setur.

Það er Jóhannes Marteinn Jóhannesson jarðfræðingur hjá Kötlu jarðvangi sem stýrir verkefninu fyrir hönd Kötlu jarðvangs í samstarfi við Kolbrúnu Hjörleifsdóttur verkefnastjóra Geo-skóla Víkurskóla. Auk þess munu allir nemendur Víkurskóla taka þátt og flest allir starfsmenn koma að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Víkurskóli hefur verið einn af Geo-skólum Kötlu UNESCO Global Geopark frá árinu 2017. Árlega vinna nemendur fjölbreytt verkefni í því augnamiði að tileinka sér og vinna með einkenni, sögu og jarðfræði nærumhverfisins til að efla umhverfisvitund og umhverfislæsi nemenda.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert 
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

BÓNFÉÐGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbií

Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur


Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
 **480 8020**


Útfararþjónusta



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur
ÁBURÐUR



Skeljungur

Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is